

GJALDSKRÁ

Akraneskaupstaðar fyrir skipulags- og byggingarmál og tengd þjónustugjöld.

1. gr.

Gjöld skv. 51. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Við útgáfu byggingarleyfa og vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og umhverfisstofa Akraneskaupstaðar veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

<i>Byggingarleyfisgjald:</i>	<i>kr.</i>
Afgreiðslugjald (fast gjald)	13.500
Íbúðarhúsnæði – gjald pr. m ²	440
Annað húsnæðis s.s. sólstofur, garðhús, gripahús pr. m ²	300
Stofnanir, atv.húsnæði pr. m ²	240

Innfalið í ofangreindum gjöldum er ein yfirferð aðal- og séruppdráttá, byggingareftirlit, fokheldisvottorð og vottorð vegna lokaúttektar. Kostnaður vegna útmælinga er innheimtur sérstaklega. Heimild er til að innheimta kostnað vegna yfirferðar séruppdráttá þegar um er að ræða stærri byggingar eða flókin mannvirki.

<i>Gjöld vegna stöðuleyfa:</i>	<i>kr.</i>
Gámar, skúrar, hjólhýsi (leyfi veitt í allt að 6 mánuði)	13.500
Framlenging leyfis í allt að 6 mán.	20.000

Álögð gjöld skv. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 falla í gjalddaga við samþykkt byggingaráforma eða veitingu stöðuleyfis og skulu greidd áður en byggingarleyfi er gefið út.

Byggingarleyfisgjald er óendurkræft ef leyfi fellur úr gildi eða er fellt úr gildi.

2. gr.

Gjöld skv. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2.1	<i>Aðalskipulagsbreytingar:</i>	<i>kr.</i>
	Afgreiðslugjald	13.500
	Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 36. gr. skv. reikn.	
	Umsýsla og auglýsingakostnaður	140.000
	Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 36. gr. skv. reikn.	
	Umsýsla og auglýsingakostnaður	60.000
2.2	<i>Deiliskipulagsbreytingar:</i>	
	Afgreiðslugjald	13.500
	Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga skv. reikn.	
	Breyting á deiliskipulagi, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga skv. reikn.	
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	140.000
	Breyting á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 43. gr. skv. reikn.	
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga	50.000
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga	25.000
	Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44 gr. skipulagslaga	25.000

2.3 *Framkvæmdaleyfi:*

Framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000	100.000
Aðrar framkvæmdir	50.000
Eftirlit umfram eina ferð sem innifalin er í leyfisgjaldi	15.000

Álögð gjöld skv. 20. gr. skipulagslaga falla i gjalddaga við samþykkt framkvæmdaleyfis eða umsókn um skipulag eða skipulagsbreytingu og skulu greidd áður en framkvæmdaleyfi er gefið út eða þegar skipulag eða skipulagsbreyting er samþykkt til auglýsingar.

3. gr.

Vottorð – úttektir.

	kr.
Stöðuvottorð/úttekt	17.000
Úttekt vegna skipta á byggingastjóra/-meistara	17.000
Kostnaður vegna úttekta (einbýlishús, parhús, raðhús – pr. íbúð)	100.000
Fjölbýlishús (t.o.m. 6 íbúðir)	115.000
Viðbót vegna fleiri íbúða (kr. pr. íbúð)	15.000
Kostnaður vegna úttekta – atvinnuhúsnæði, stofnanir	175.000
Minni byggingar, gripahús o.þ.h.	33.500
Úttekt vegna leiguhúsnæðis – íbúðarhúsnæði	17.000
Úttekt vegna leiguhúsnæðis – atvinnuhúsnæði	26.000
Úttekt vegna rekstrarleyfa	17.000
Mælingagjald (3 mælingar)	120.000
Lóðarmæling	40.000
Eignaskiptayfirlýsingar – fyrsta umfjöllun, allt að 10 eignir	27.000
- viðbótargjald fyrir hverjar 5 eignir til viðbótar	7.000
Eignaskiptayfirlýsing – breyting	25% af fullu gjaldi

4. gr.

Trygging fyrir gjöldum.

Álögðum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögveð í fasteign þeirri sem gjöldin eru lögð á og ganga ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár hennar.

5. gr.

Gildistaka og verðbreytingar.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í október 2011 og taka breytingum mánaðarlega í samræmi við breytingar á umræddri vísitölu.

Gjaldskrá þessi sem sett er með heimild í lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010 var samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 22. nóvember 2011 og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 995/2010.

Akranesi, 22. nóvember 2011.

Árni Múli Jónasson bæjarstjóri.